

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Álafoss, Tungufoss og Varmárósa

Haldinn hjá Umhverfisstofnun 7. febrúar 2020 kl. 10-11

Fundarmenn

- ✓ Aron Geir Eggertsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- ✓ René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- ✓ Hildur Hafbergsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar
- ✓ Bjartur Steingrímsson, formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar
- ✓ Michele Reborá, nefndarmaður í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar

Mættir á fund eru Aron Geir (fundaritari), Hildur, René, Michele og Tómas.

Dagskrá:

1. Farið yfir vinnuferli við stjórnunar- og verndaráætlanir.
2. Farið yfir verk- og tímaáætlun.
3. Farið yfir samráðsáætlun.
4. Næstu skref.

Fundarefni:

Hildur fer yfir friðlýstu svæðin, hvenær þau voru friðlýst og verndargildi svæðanna. Einnig markmið friðunnar á svæðum. Farið er yfir tilgang og helstu ástæður STVÁ. Umræða um fjármagn og mikilvægi þess að forgangsraða aðgerðum í STVÁ.

- Nú þegar er komið í vinnslu og fjármagn til að vinna að uppbyggingu innviða á útivistarsvæðinu. Er í deiliskipulagsvinnu eins og staðan er. Með þeirri vinnu dregur mögulega úr álagi Tungufoss og færir fólk að nýja grillsvæðinu. Einnig er hugmynd um að gera betra aðgengi að Tungufoss s.s laga slóðann að fossinum en það er flókið sökum bratta.
- Þörf á að laga undirstöður við útsýnispall við Álafoss. Það er verið að koma því í pólítík innan Mosfellsbæ. Ekki æskilegt að fara í innviða uppbyggingu við Álafoss fyrr en búið er að laga undirstöður.
- Umræða um að það er hafa komið upp tilfelli þar sem niðurföll eru vitlaus tengd í hverfinu sem er að leiðir út í á, sem eiga það til mengast. Þegar komið hafa upp tilfelli sem þessi er strax farið í málið og komist að orsök.
- Samráðsáætlun kynnt: aðilar á listanum ræddir, það er ekki veiði á friðlýsta svæðinu við Álafoss og því ekki þörf að hafa veiðifélög inni. Tekið ákvörðun að hafa íbúa við Álafoss með á samráðsáætlun ásamt íbúasamtökum við Leirvogstungu. Einnig var bætt við heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun á samráðslitan.
- **Samráðsáætlunarlistar samþykktir**

- Verk- og tímaáætlun: **Samþykkt**
- Óvissa varðandi hrossabeit sem er eins og er staðsett innan marka friðsvæðisins.
Beitarsvæðið er innan friðlýstra marka sem er gegn skilmálum friðlýsingarinnar. Þarf að taka ákvörðun um hvort mörkum verður breytt eða gerðir nýir skilmálar. Það er reiðleið norðan við ána sem þarf mögulega að skoða ef kemur til að stækka friðlandið.
- Umræða um að stækka svæðið til að ná inn fitjasefi norðan megin við ána og hvernig það yrði gert. Mögulega hægt að halda áfram vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun Varmárósa þrátt fyrir að svæðið sé stækkað en Hildur ætlar að skoða það ferli betur.
- Næstu skref:
Hildur byrjar á skrifum 1. Og 2. Kafla og sendir á samstarfshóp til athugasemda.
Hildur ræðir innan hús hvernig best væri að huga að mörkum. Tómas útbýr erindi fyrir umhverfisnefnd um mörkun friðsvæðis og hvort eigi að leggja fram óska frá sveitarfélagi um stækkun friðlýsta svæðisins.
Fundagerð og glærusýning verður send á Tómas.
Hildur býr til svæði á UST og upplýsir samráðsaðila.

Fundi slitið 11.30